

Fundargerð

8. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 23. febrúar 2021 í fundarsal A, Laugardal.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, ~~Kári Steinn Karlsson~~, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir~~, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir~~, ~~Björgvin Víkingsson~~, ~~Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson~~, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá 7. fundi stjórnar 2020-2022 hafði verið afgreidd án athugasemda.

2. Þjóðarleikvangur

Formaður gerir grein fyrir störfum starfshóps um Þjóðarleikvang. Tveir starfsfundir hafa verið haldnir nú þegar. Framkvæmdastjóri FRÍ er ritari hópsins og gerði einnig grein fyrir umræðu innan hópsins. Starfið fer vel af stað.

3. 75 ára afmæli FRÍ 16.08.22

Varaformaður fer yfir undirbúning og umræður innan FRÍ. Margir að koma með hugmyndir og víða eru sögur og fróðleikur, sem fólk hefur tekið saman. Rætt um miðlun og viðburði. Varaformaður heldur verkefninu áfram.

4. RIG

Hrósið fá þau öll sem komu að RIG verkefninu. Starfsmenn FRÍ fá sérlega mikið hrós. Mjög erfiðar aðstæður, en mótið gekk vel og útsendingin einnig þó hún væri hliðruð. Almennt góður hljómgrunnur frá öllum inann hreyfingar enda kærkomið tækifæri. Gátlistinn góði verður uppfærður.

5. Fjarfundir með héruðum – Opinn formannafundur

Rætt að nýju og formaður ýtir við tengiliðum. Verkefnastjóri FRÍ mun verða samtalshópum innan handar.

6. Hlaupaverkefnið

Rætt um verkefnið, hvað annað.

7. Önnur mál

a. Mótahald. Verkefnisstjóri gerir grein fyrir skipulagi móta miðað við nýjar sóttvarnartakmarkanir. Rætt um MÍ 15-22 ára og MÍ 11-14 ára.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:05 með því að fundarmenn sungu stef úr Life on Mars með David Bowie.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.